



## Samþykkt fyrir umhverfis- og mannvirkjaráð

### Um verkefni umhverfis- og mannvirkjaráðs

#### 1. gr.

Umhverfis- og mannvirkjaráð Akureyrarbæjar fjallar um umhverfismál í bæjarlandinu og framkvæmdir í umboði bæjarstjórnar Akureyrarbæjar, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari sem gerð er í samræmi við Samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar. Þá er rekstur slökkviliðs- og brunavarna undir ráðinu ásamt rekstri Hlíðarfjalls.

#### 2. gr.

Umhverfis- og mannvirkjaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun á sviði umhverfismála og um reglur um meðferð mála er varða náttúruvernd, friðlýst svæði og náttúruminjar, skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, gróðurvernd, skv. lögum um landgræðslu nr. 155/2018, skógrækt skv. lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019, sorphirðu og sorpförgun skv. lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og umgengni og umhirðu lóða í bæjarlandinu.

Umhverfis- og mannvirkjaráð gerir jafnframt tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í málefnum sem tengjast verklegum framkvæmdum á vegum bæjarins. Ráðið hefur yfirumsjón með umhverfis- og mannvirkjasviði sem sér um undirbúning framkvæmda og framkvæmdir við götur, gangstéttir og stíga, jarðeignir og lönd, garða, gatnahreinsun, leiksvæði og opin svæði, dýraeftirlit, úrgangsmál, eignaumsýslu ásamt innkaupum og útboðum vegna framangreindra þátta. Enn fremur heyra málefni Fasteigna Akureyrarbæjar, brunavarna, slökkviliðs, Hlíðarfjalls og Lystigarðs undir umhverfis- og mannvirkjaráð ásamt almenningssamgöngum.

Umhverfis- og mannvirkjaráð tilnefnir tvo fulltrúa í umsjónarnefnd Óshólma Eyjafjarðarár sbr. samþykkt þar að lútandi dagsett 5. júní 1998.

Umhverfis- og mannvirkjaráð skal hafa eftirlit með því að ákvæði viðeigandi laga, reglugerða og samþykta með áorðnum breytingum séu haldin.

#### 3. gr.

Umhverfis- og mannvirkjaráð hefur eftirlit með:

- a) undirbúningi framkvæmda og framkvæmdum við götur, gangstéttir og stíga og gatnahreinsun á vegum bæjarins, lög um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001, vegalög nr. 80/2007, umferðarlög nr. 77/2019, lög um gatnagerðargjöld nr. 153/2006, skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki nr. 160/2010, lög um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021, lög um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri nr. 87/1970, reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 250/2024 og reglugerð um hávaða nr. 724/2008,
- b) söfnun og meðhöndlun úrgangs skv. lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003
- c) jarðeignum og löndum, görðum, leiksvæðum og opnum svæðum, girðingarlög nr. 135/2001, reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 1025/2022 og reglugerð um girðingar nr. 748/2002,

- d) framkvæmd meindýraeyðingar, sbr. lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 og lög um velferð dýra nr. 55/2013,
- e) afréttarmál og fjallskil í lögsagnarumdæmi bæjarins, sbr. lög um lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, og fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélög á svæði Héraðsnefndar Eyjafjarðar nr. 439/2002,
- f) gæludýraeftirliti, sbr. samþykkt um hundahald á Akureyri, samþykkt um kattahald á Akureyri og reglugerð um velferð gæludýra nr. 80/2016,
- g) Slökkviliði Akureyrar, sbr. lög um brunavarnir nr. 75/2000,
- h) Rekstri Hlíðarfjalls
- i) Strætisvögnum Akureyrar sbr. lög um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017,
- j) rekstri ferliþjónustu,
- k) Fasteignum Akureyrarbæjar.

#### **4. gr.**

Umhverfis- og mannvirkjaráð starfar í samræmi við:

- a) umhverfis- og loftslagstefnu,
- b) reglur, samþykktir og samþykktar stefnur bæjarstjórnar sem tengjast sérstaklega verkefnum ráðsins,
- c) almennar reglur, samþykktir og stefnur bæjarstjórnar,
- d) þau lög og reglugerðir sem um verkefni ráðsins gilda á hverjum tíma.

### **Um skipan umhverfis- og mannvirkjaráðs**

#### **5. gr.**

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm fulltrúa í umhverfis- og mannvirkjaráð til fjögurra ára og fimm til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann. Framboðslisti sem á fulltrúa í bæjarstjórn en ekki í umhverfis- og mannvirkjaráði má tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í umhverfis- og mannvirkjaráði með málfrelsi og tillögurétt.

#### **6. gr.**

Formaður umhverfis- og mannvirkjaráðs stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

#### **7. gr.**

Umhverfis- og mannvirkjaráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir ráðsmenn óska þess.

#### **8. gr.**

Sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs situr að jafnaði fundi umhverfis- og mannvirkjaráðs með málfrelsi og tillögurétt auk þess sem forstöðumenn á sviðinu og slökkviliðsstjóri sitja fundi ráðsins með sömu skilyrðum þegar málefni deilda/stofnana þeirra eru til umfjöllunar. Heimilt er að boða aðra á fundi ráðsins til viðræðna um tiltekin mál.

## **Um yfirstjórn umhverfis- og mannvirkjasviðs**

### **9. gr.**

Bæjarstjóri ræður sviðsstjóra umhverfis- og mannvirkjasviðs að höfðu samráði við umhverfis- og mannvirkjaráð. Sviðsstjóri ræður slökkviliðsstjóra og forstöðumenn. Slökkviliðsstjóri og forstöðumenn ráða aðra starfsmenn, þar með talinn aðstoðarslökkviliðsstjóra sem slökkviliðsstjóri ræður í samráði við sviðsstjóra í umboði bæjarstjórnar sbr. lög um brunavarnir nr. 75/2000.

### **10. gr.**

Bæjarráð úthlutar fjárhagsramma til ráðsins vegna fjárhagsáætlunar fyrir næsta starfsár. Umhverfis- og mannvirkjaráð gerir starfsáætlun í samræmi við fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár. Tillögur um breytingar á þjónustu skal skýra og rökstyðja sérstaklega og þurfa samþykki bæjarstjórnar. Breytingar á gjaldskrá þarf að samþykkja í bæjarráði. Sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjaráðs leggur fram í ráðinu tillögur um starfs- og fjárhagsáætlanir sem umhverfis- og mannvirkjaráð skal meta og staðfesta að séu í samræmi við fjárhagsramma og markaða stefnu.

### **11. gr.**

Formaður umhverfis- og mannvirkjaráðs er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á. Sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjaráðs ber ábyrgð á stjórn og rekstri verkefna og málaflokka sinna, þ.m.t. fjármálum, starfsmannamálum og framkvæmd ákvarðana ráðsins.

## **Um fundarsköp umhverfis- og mannvirkjaráðs**

### **12. gr.**

Um fundarsköp á fundum umhverfis- og mannvirkjaráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga, Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar og verklagsreglur um fundarritun.

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau dagskrármál sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra nefndarmanna og skal það bókað í upphafi fundar. Óski nefndarmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi þremur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í umhverfis- og mannvirkjaráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess.

Fundur umhverfis- og mannvirkjaráðs eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur nefndarmanna er á fundi. Umhverfis- og mannvirkjaráð getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða umhverfis- og mannvirkjaráð ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Skylt er að vísa máli til úrskurðar bæjarstjórnar ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska eftir því með bókun.

Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í fundargerðarkerfi og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

### **13. gr.**

Umhverfis- og mannvirkjasvið leggur umhverfis- og mannvirkjaráði til fundaraðstöðu og fundarritara. Um ritun fundargerða umhverfis- og mannvirkjaráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. og 31. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar og verklagsreglur um fundarritun og birtingu gagna með fundargerðum.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

- a) fundartíma og fundarstað,
- b) nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn og fyrir hvaða aðalmenn varamenn sitja fundinn,
- c) nöfn og starfsheiti starfsmanna sem sækja fundinn,
- d) heiti og númer dagskrármála sem tekin eru fyrir,
- e) greinargóða lýsingu á hverjum dagskrárlíð,
- f) bókanir ráðsins eða einstakra fundarmanna um dagskrármál þar sem það á við og hvaða afgreiðslu dagskrármál hefur hlotið,
- g) að fundarmaður hafi vikið af fundi eða komið til fundar eftir að hann hófst, ef svo ber undir,
- h) atkvæðatölur ef formleg atkvæðagreiðsla hefur farið fram og atkvæði hafa ekki verið samhljóða.

Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð lesin upp og samþykkt munnlega af fundarmönnum.

Fundargerðir eru undirritaðar og varðveittar rafrænt.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá skjalasafni Akureyrarbæjar. Þjónustu- og skipulagssvið sér um að birta fundargerðir á vefsíðu Akureyrarbæjar. Sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjaráðs sér um að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í umhverfis- og mannvirkjaráði, um málalok.

### **Um hæfi og skyldur nefndarmanna og starfsmanna umhverfis- og mannvirkjaráðs**

#### **14. gr.**

Um hæfi umhverfis- og mannvirkjaráðsmanna gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

Um hæfi starfsmanna umhverfis- og mannvirkjaráðs gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

#### **15. gr.**

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla nefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu sbr. 42. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að ráðsmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um starfsmenn ráðsins og aðra þá sem boðaðir eru á fundi ráðsins.

## **Málsmeðferðareglur umhverfis- og mannvirkjaráðs**

### **16. gr.**

Við meðferð mála hjá umhverfis- og mannvirkjaráði, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnarsýslumáli, skulu nefndarmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Umhverfis- og mannvirkjaráð skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá ráðinu. Þá skulu ákvarðanir vera teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs sbr. stjórnarsýslulög nr. 37/1993.

Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir starfsmönnum umhverfis- og mannvirkjaráðs áður en tekin er ákvörðun, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er um í 16. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 140/2012.

Ákvörðun umhverfis- og mannvirkjaráðs skal tilkynnt aðila máls. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um kærueimild og kærufrest.

## **Heimildir umhverfis- og mannvirkjaráðs til fullnaðarákvarðana**

### **17. gr.**

Umhverfis- og mannvirkjaráði er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði þess ef:

- a) lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
- b) þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- eða fjárhags-áætlun,
- c) þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

### **18. gr.**

Umhverfis- og mannvirkjaráð felur starfsmönnum fullnaðarákvarðanir um mál á starfssviði þeirra. Bæjarstjórn setur reglur um afgreiðslu þessara mála.

Mál sem sviðsstjóri og aðrir starfsmenn afgreiða í umboði umhverfis- og mannvirkjaráðs skulu kynntar umhverfis- og mannvirkjaráði með skriflegri skýrslu a.m.k. einu sinni á ári.

## **Endurupptaka máls**

### **19. gr.**

Eftir að umhverfis- og mannvirkjaráð eða starfsmenn þess hafa tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

## **Stjórnsýslukæra**

### **20. gr.**

Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun umhverfis- og mannvirkjaráðs eða starfsmanna þess til æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun umhverfis- og mannvirkjaráðs eða starfsmanna þess, nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

## **Gildi samþykktarinnar**

### **21. gr.**

Samþykkt þessi tekur gildi 1. janúar 2025.

Samþykkt í bæjarráði 12. desember 2024

Samþykkt í bæjarstjórn 17. desember 2024